

# Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

## 12. FUNDUR – 10. maí 2011

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 12. fundar þriðjudaginn 10. maí 2011 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. *Ársreikningur Blönduóssbæjar 2010 – síðari umræða*
2. *Fundargerðir:*
  - a) *Bæjarráð frá 13. apríl 2011*
  - b) *Bæjarráð frá 4. maí 2011*
  - c) *Menningar – og fegrunarnefnd frá 24. apríl 2011*
  - d) *Landbúnaðarnefnd frá 11. apríl 2011*
  - e) *Fræðslunefnd frá 3. maí 2011*
3. *Erindi SAH svf. og SAH Afurða ehf.*

### Afgreiðslur:

#### 1. *Ársreikningur Blönduóssbæjar 2010 – síðari umræða*

Forseti lagði fram eftirfarandi bókun.

*„Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 620 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta sem er nokkuð hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði var neikvæð um 4,9 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 41 milljón kr. og er 12 milljónum kr. betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Skuldir og skuldbindingar samtals eru 1.180.172 þús. kr. árið 2010 en voru 865.389 þús kr. árið á undan. Tekin ný langtímalán eru 250 milljónir kr. Afborganir langtímalána ársins 2010 voru 78 milljónir kr.*

*Árið 2010 var mikið framkvæmdaár og námu eignfærðar framkvæmdir ársins um 327 milljónum kr. Lokið var við framkvæmdir við sundlauginna á Blönduósi og talsverðar framkvæmdir voru á vegum byggðasamлага sem Blönduós á aðild að og má nefna miklar endurbætur sem voru gerðar á Kvennaskólanum á Blönduósi og endurbætur á íbúðum eldri borgara í Hnithjörgum.“*

Að umræðum loknum samþykkti bæjarstjórn samhljóða framlagða ársreikninga Blönduóssbæjar fyrir árið 2010 ásamt framlagðri bókun forseta. Forseti þakkaði starfsmönnum fyrir vel unnin störf.

## 2. Fundargerðir:

### **a. Bæjarráð frá 13. apríl 2011**

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Zophonías Ari yfirgaf fundinn undir umræðum um lið 7 í fundargerðinni. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **b. Bæjarráð frá 4. maí 2011**

Fundargerðin er í 8 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Ákveðið að bæjarráð vinni áfram að lið a) undir önnur mál. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **c. Menningar - og fegrunarnefnd frá 24. apríl 2011**

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Bæjarstjórn óskar eftir því að bæjarráð fundi með nefndinni um framkvæmd hátíðarinnar. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **d. Landbúnaðarnefnd frá 11. apríl 2011**

Fundargerðin er í 4. liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **e. Fræðslunefnd frá 3. maí 2011**

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

## 3. Erindi SAH svf. og SAH Afurða ehf.

Erindi SAH svf. og SAH Afurða frá 5. mars 2010. Farið var fram á það að Blönduósbær kaupi hlutabréf í öðrum hlutafélögum í eigu SAH svf. og SAH Afurða ehf.

Bæjarstjórn samþykkir að hafna erindinu.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)